

að kosta veikindin og læknishjálpinu án miðlunar sjúkra-samlagsins.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfu stefnöndu, en eftir málavöxtum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnöndu, Jóhönnu M. Pálsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 27. apríl 1938.

Nr. 37/1938. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Axel Ármanni Þorsteinssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, greiði all-

an áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 1. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Axel Ármann Þorsteinssyni, atvinnulausum verkamanni, til heimilis á Skólavörðustíg 46 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

1924 $\frac{8}{12}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.

1925 $\frac{6}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 $\frac{7}{7}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $2\frac{8}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1935 $\frac{3}{6}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1935 $1\frac{6}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

1935 $\frac{6}{12}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 $1\frac{2}{10}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1936 $\frac{3}{6}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.

1937 $\frac{2}{5}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og ryskingar.

1937 $1\frac{4}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu, staðfest í hæstarétti $1\frac{9}{11}$ 1937.

Að kvöldi föstudagsins 21. janúar síðastliðins fóru þeir Finnþogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, og Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, heim til kærðs, og var ætlun þess fyrrnefnda sú að kaupa áfengi af kærðum.

Hittu þeir kærðan heima, og bað Finnbogi Rútur hann að selja sér einn pela af whisky. Kvaðst kærður geta það og bað Finnboga Rút að koma einan inn til sín. Gerði hann það, og afhenti kærður honum þá inni í íbúð sinni whiskypela óátekinn, en hann greiddi kr. 10.00 fyrir pelann. Fór hann síðan til Halldórs, og þeir síðan báðir burtu. Hafa þeir Halldór og Finnbogi Rútur skýrt lögreglunni frá atviki þessu, og hefir kærður játað, að sú frásögn sé rétt.

Auk þess sem þessi einstaka ólöglega áfengissala kærðs er sönnuð, hefir hann játað að hafa stöðugt síðan um síðastliðin jól selt áfengi. Hefir það verið áfengi frá útsölu Áfengisverzlunar ríkisins, sem hinir og aðrir keyptu fyrir kærðan, og seldi hann hverja flösku með sem svaraði tveggja króna álagningu.

Kveðst hann hafa haft 200 krónur sem rekstursfé við áfengissöluna og hafa keypt fyrir þá upphæð á föstudögum, en ekki hafa keypt aðra daga, og hafi salan ekki verið meiri en svo, að hið þannig keypta áfengi hafi enzt vikuna. Þegar lögreglan tók kærðan til yfirheyrslu, átti hann heima hjá sér 8 heilflöskur, 2 hálfhlöskur og 11 flata pela af áfengi, er hann ætlaði til sölu. Með áfengissölu þessari hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. 1. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og 2200 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 2200 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.